

# Fylgiskjal

með starfsleyfi fyrir niðurrif byggingar /legsteinahús á Bæjargili, Húsafelli.

## 1. Almenn

Meðfylgjandi tímasbundið starfsleyfi er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftilit.

Starfsleyfið gildir fyrir rif á byggingar á lóðinni Bæjargili í Húsafelli til samræmis við innsenda umsókn.

Umsækjandi er ábyrgur fyrir að verktökum og starfsmönnum verði kynnt ákvæði starfsleyfisins og skilyrði.

Í starfsleyfisskilyrðum eru kröfur til mengunarvarna sem þarf að uppfylla. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

## 2. Lóð og húsnæði

- 2.1 Lóð skal haldið snyrtilegri meðan framkvæmdir eiga sér stað. Gæta skal sérstaklega að öryggi almennings.
- 2.2 Óheimilt er að safna saman efni til langs tíma á lóðinni. Efnið skal flutt til endurvinnslu, til eyðingar á viðurkenndan móttökustað eða endurnotað á annan hátt.
- 2.3 Spilliefni og/eða hættuleg efni skal flytja til endurvinnslu eða eyðingar eins fljótt og mögulegt er.
- 2.4 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.5 Virða skal skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

## 3. Mengunarvarnir

- 3.1 Forráðamönnum er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.2 Vinnu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna ryk - eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða hávaða er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. takmörkunar á vinnutíma.
- 3.3 Við rif bygginga skal flokka allt efni þannig að hægt sé að nýta efni til landmótunar. Fara skal að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.
- 3.4 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.5 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt

er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

#### 4. Ýmis skilyrði

- 4.1 Skylt er að tilkynna öll mengunaróhöpp til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- 4.2 Heilbrigðisnefndum, heilbrigðisfulltrúum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar skal heimill aðgangur að fyrirtækinu til skoðunar og eftirlits.
- 4.3 Forsvarsmönnum er skylt að veita þessum aðilum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins og sýnatöku.
- 4.4 Um aðgang að upplýsingum fer samkvæmt lögum um upplýsingarétt um umhverfismál nr. 23/2006, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og einstökum reglugerðum sem við eiga hverju sinni.
- 4.5 Rekstraraðila ber að greiða Heilbrigðiseftirliti Vesturlands gjald vegna útgáfu og auglýsingu á starfsleyfinu svo og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ef grípa þarf til sérstakra rannsókna vegna starfseminnar er rekstraraðila einnig skylt að greiða fyrir þær.
- 4.6 Að niðurrifi loknu skal senda skýrslu til HeV, innan mánaðar frá verklokum, þar sem fram kemur magn úrgangs úr niðurrifi byggingar.

Hvalfjarðarsveit, 2. júlí 2021

---

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## **Greinargerð með starfsleyfi á niðurrifi legsteinahúss á Bæjargili, Húsafelli.**

Umsókn barst 1. júlí s.l frá Ferðapjónustunni á Húsafelli ky. 660390-1039 vegna niðurrifs á svokölluðu legsteinahúsi. Forsvarsmaður er Þórður Kristleifsson.

Í umsókn kemur fram að húsið sé gert úr steinsteyptum, veggj, timburpaki og torfi og að endurnýta eigi allt byggingarefni og engu fargað. Þakið verður hýft af og timbrið nýtt í önnur verkefni. Steinsteyptir veggur sagaðir að ofan og nýttir fyrir undirstöður í öðrum byggingarframkvæmum á vegum Ferðapjónustunnar í Húsafelli.

Þá kemur einnig fram að grunnur og torfveggir verða notaðir sem gerði fyrir ágangsfé áland Húsafells 2 og Húsafells 3.